

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26,
105 Reykjavík
(lagt fram á samráðsgátt)

Reykjavík, 2. mars 2026

Bls. | 1

Efni: Saman gegn sóun - drög að stefnu og aðgerðaáætlun

Hinn 16. janúar 2026 lagði Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið fram á samráðsgátt stjórnvalda drög að stefnu Saman gegn sóun og aðgerðaáætlun. Aðgerðaáætlunin hefur verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu, hér eftir samtökin, og þykir ástæða til að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við eftirfarandi liði stefnunnar.

Aðgerð 1: Fjárhagslegir hvatar til að efla viðgerðarmenningu

SVP telja mikilvægt að atvinnulífið komi að útfærslu slíkra hvata. Innan SVP – Samtaka verslunar og þjónustu er að finna bæði fyrirtæki sem selja þá vöru sem ætla má að verði gert við, sem og þjónustuaðila sem sinna munu viðgerðum. Fyrirhuguðum fjárhagslegum hvötum verður því væntanlega beint að aðildarfyrirtækjum samtakanna. SVP telja því mikilvægt að samtökin verði tilgreind sem samstarfsaðili. Undir aðgerð 1.

Aðgerð 3: Skrúfað fyrir textílkranann – fræðsluáttak

SVP telja fullt efni til þess að benda á að stjórnvöld annarra landa og ESB eru nú þegar með [áætlun í þessum málaflokk](#). Samtökin telja jákvætt að til standi að auka fræðslu almennings, sem má álíta sem upphafsskref þar til fyrir liggur hvernig samanburðarlönd útfæra sínar aðgerðir, svo ná megi fram samræmi milli landa.

Aðgerð 10: Hvatning til að nota margnota burðarpoka

SVP fagna því að stjórnvöld hyggjast útfæra þessa aðgerð í samstarfi við verslanir. SVP – Samtök verslunar og þjónustu fagna því enn fremur að samtökin eru tilgreind sem samstarfsaðili og eru reiðubúin til að vaka virkan þátt í mótun og útfærslu vitundarvakningar, svo tryggt sé að skilaboðin nái til sem flestra neytenda.

Aðgerð 11: Innleiðing aðgerðaáætlunar Minni matarsóun

SVP telja að nauðsynlegt sé að unnið sé að gagngerri endurskoðun á þeim gögnum sem liggja að baki aðgerðaráætlunarinnar *Minni matarsóun* sem kom út 2021. Margt hefur breyst á þeim árum sem liðin eru. Ekki síst sá árangur sem hefur náðst í matvöruverslunum. Ef stjórnvöld hyggjast ýta aðgerðum úr vör, er mikilvægt að þær séu grundvallaðar á sem bestum og

uppfærðum gögnum. Slíkt tryggir markvissari innleiðingu, betri nýtingu fjármagns og leiðir til betri árangurs. SVP telja enn fremur að samtökin ættu að vera tilnefnd sem samstarfsaðili.

Aðgerð 12: Samráðsvettvangur um áskoranir netverslunar

Bls. | 2

SVP fagnar því stjórnvöld hyggist beita sér fyrir aðgerðum sem eiga að efla samtal um áskoranir netverslunar – t.d. um efnainnihald, öryggi og úrgang – svo sem þær koma fram í drögum. Þá telja samtökin einnig jákvætt að SVP eru tilgreind sem samstarfsaðili.

Aðgerð 15: Notaðir varahlutir sem fyrsti valkostur við viðgerðir á ökutækjum

SVP telja jákvætt að stjórnvöld taki skýrt fram að greininga sé þörf, áður en aðgerð þessari er ýtt úr vör. Innan raða SVP er Bílgreinasambandið (BGS). Telja samtökin mikilvægt að BGS verði skilgreint sem samstarfsaðili undir aðgerð 15, enda búa fyrirtæki BGS yfir þekkingu og mannauð sem nauðsynlegur er til að greiningarvinna skili tilætluðum niðurstöðum.

Ítrekun fyrri afstöðu SVP

Samtökin vekja enn fremur athygli á umsögn sem samtökin skiluðu 13. janúar 2025¹ um skýrslu Umhverfisstofnunar um stöðumat og valkosti í úrgangsforvörnum sem birt var á samráðsgátt 13. desember (mál nr.S-241/2024). Þar kom fram sú afstaða að varast beri að lengra sé gengið í kröfum gagnvart atvinnulífinu á Íslandi en í nágrennalöndum. Sé ekki að því gætt, kemur það niður á á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Slíkar aðgerðir kunna að sama skapi að valda verðhækkunum til neytenda. Samtökin hvetja íslensk stjórnvöld til að fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað í samanburðarlöndum og nýta þá þekkingu sem þar skapast við að finna ákjósanlegar lausnir. Grípi íslensk stjórnvöld til aðgerða á undan samanburðarlöndum, eru líkur á því að þær séríslensku lausnir sem innleiddar hafa verið, verði álitnar ósamræmanlegar þeim lausnum sem beitt er á EES-svæðinu. Bætist þá kostnaður við innleiðingu á samræmdu EES kerfi við frumkostnað við hið séríslenska kerfi.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Kristinn Már Reynisson

lögfræðingur

¹ <https://samradapi.island.is/api/Documents/24cae363-ced1-ef11-9bc9-005056bcce7e>